



Samskiptaáætlun Varmárskóla



2022-2023

Inngangur	2
Áherslur	2
Hlutverk aðila skólasamfélagsins	3
Starfsfólk skólans	3
Nemendur	3
Foreldrar	3
Samskiptateymi	4
Upplýsingar um líðan nemenda	4
Skipulögð verkefni tengd samskiptum	5
Samskiptavandi og einelti	6
Grunur um einelti- úrvinnsluferli	7
Eftirfarandi tilkynningablað er á heimasíðu (linkur) skólans.	9

Inngangur

Markmið samskiptaáætlunar er að stuðla að því að allt skólasamfélagið sé samstíga í vinnu sinni með jákvæð samskipti og auka þekkingu skólasamfélags á einkennum samskiptavanda og eineltis. Samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) skulu grunnskólar móta sér heildstæða stefnu um það hvernig eigi að fyrirbyggja að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólasterfinu.

Samskiptaáætlun skólans miðar að því að byggja upp jákvæð samskipti, auðveldar okkur að stuðla að jákvæðum skólabrag og samvinnu, fyrirbyggja einelti, ofbeldi og aðra andfélagslega hegðun. Varmárskóli starfar eftir [Uppbyggingarstefnu](#) (e. restitution). Uppbyggingarstefna kennir nemendum sjálfsaga og ýtir undir hæfni þeirra til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Einnig þjálfast nemendur í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum.

Eins og fram kemur í [Menntastefnu Mosfellsbæjar](#) eru öryggi og vellíðan undirstaða þess að börn blómstri í leik og starfi. Með Uppbyggingarstefnunna að leiðarljósi náum við að skapa jákvætt andrúmsloft og stuðla að uppbyggjandi umhverfi þar sem öryggi og vellíðan er í fyrirrúmi.

Samskiptateymi skólans hefur heildaryfirsýn yfir þau verkefni sem unnin eru til að stuðla að jákvæðum skólabrag og vinnur með kennurum að faglegum lausnum þegar upp kemur samskiptavandi eða eineltismál í skólanum.

Samskiptaáætlun Varmárskóla er byggð á markmiðum Uppbyggingarstefnunnar sem og Handbók um einelti og vináttufærni eftir Vöndu Sigurgeirsdóttir og Hrefnu Sigurjónsdóttir. Einnig var stuðst við samskiptaáætlanir annarra skóla, til dæmis samskiptaáætlun Sandgerðisskóla, Stapaskóla og Álfhólsskóla

Áherslur

Varmárskóli vinnur með gildin jákvæðni, virðing, framsækni, umhyggja og eiga þau að birtast með einum eða öðrum hætti í öllu starfi skólans.

Áttaviti Varmárskóla er lýsing á þeirri hegðun og framkomu sem ætlast er til að nemendur í skólanum tileinki sér og noti alls staðar í skólaumhverfinu á skólatíma:

- Við berum ábyrgð á hegðun okkar
- Við erum jákvæð og berum virðingu fyrir öðrum
- Við sýnum öðrum góðvild og vináttu
- Við göngum vel um skólann okkar og umhverfið
- Við erum ekki á farartækjum á skólatíma
- Við erum stundvís og leggjum okkur fram í námi og leik

- Við notum snjalltæki einungis í samráði við starfsfólk
- Við förum eftir fyrir mælum starfsmanna skólans

Hlutverk aðila skólasamfélagsins

Starfsfólk skólans

Í Aðalnámskrá grunnskóla stendur að stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki beri í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemanda og öryggi að leiðarljósi. Starfsfólki skóla ber að leggja áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi. Lögð er áhersla á að styrkja sjálfsmynd nemenda, efla sjálfsvirðingu þeirra og virðingu gagnvart öðrum, eigum annarra og umhverfinu. Margvísleg verkefni eru unnin í skólanum í þessum tilgangi sem lýst er nánar hér að neðan. Við upphaf hvers skólaárs fær allt starfsfólk kynningu á samskiptaáætlun skólans og upprifjun á þeim áherslum sem máli skipta og verkefnum vetrarins.

Öllum starfsmönnum ber að grípa inn í ef þeir verða vitni að samskiptavanda.

Nemendur

Hlutverk nemenda er að hafa stjórn og bera ábyrgð á hegðun sinni og framkomu, bera virðingu fyrir öllum og fara eftir þeim reglum sem settar eru.

Nemendur gera bekkjarsáttmála um samskipti og umgengni og ræða reglulega þýðingu hans fyrir hópinn.

Haldnir eru bekkjarfundir þar sem rætt er um líðan og samskipti.

Foreldrar

Með virku samstarfi heimila og skóla er auðveldara að bregðast við á áhrifaríkan og viðeigandi hátt þegar eitthvað kemur upp og vinna gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Nauðsynlegt er að foreldrar eigi góð og virk samskipti við foreldra félag barna sinna og ræði á jákvæðan hátt við þau um samskipti innan og utan skólatíma. Mikilvægt er að foreldrar séu í góðu samstarfi við starfsfólk skóla ef um samskiptavanda er að ræða..

Góð ráð til foreldra

- Hvetjið til leikja og samskipta við skólafélaga .
- Hvetjið börn til að láta sig varða hvernig öðrum líður.
- Talið á jákvæðan hátt um skólafélagana.

- Sýnið skilning.

Samskiptateymi

Í samskiptateymi Varmárskóla sitja deildarstjóri, sem stýrir vinnu teymisins, námsráðgjafi, umsjónarkennarar af hvoru stigi og íþróttakennari eða verkgreinakennari.

Hlutverk samskiptateymis er að kynna samskiptaáætlun fyrir öðru starfsfólki og efla vitund þeirra og faglega umræðu. Einnig að fylgjast með og veita stuðning við verkefni árganga, gæta þess að farið sé eftir vinnuferlum og vinna með tilkynningar um einelti sem berast.

Teymið hefur yfirsýn yfir sérstök verkefni sem tengjast samskiptum í skólanum.

Teymisstjóri sér um að boða fundi og heldur utan um tilkynningar sem koma. Hann fer strax í forathugun á tilkynntum málum og lætur það starfsfólk vita sem vinnur með viðkomandi nemendum. Hann sér til þess að mál fari í réttan farveg og að það sem ákveðið er á fundum sé framkvæmt eins fljótt og auðið er. Teymisstjóri fylgist með að tengslakannanir séu lagðar fyrir á réttum tíma og unnið með niðurstöðum.

Samskiptateymi fundar að jafnaði einu sinni í mánuði á starfstíma skóla. Viðbótarfundir eru boðaðir eftir þörfum ef tilkynningar um ný mál sem varða einelti eða slæm samskipti berast.

Upplýsingar um líðan nemenda

Tengslakannanir eru lagðar fyrir tvisvar yfir skólaárið. Umsjón með framkvæmd og úrvinnslu þeirra hefur námsráðgjafi. Niðurstöður eru ræddar á fundi samskiptateymis og unnið með einstaka þætti ef þörf er á í samvinnu við umsjónarkennara.

Formleg samtöl nemenda, foreldra og umsjónarkennara eru tvisvar á skólaári. Viðtölin eru skipulögð og stuðst er við spurningalista.

Samtölin eru hugsuð til að:

- Efla jákvæð tengsl milli kennara og nemanda.
- Fá yfirsýn yfir líðan, framfarir og námslega stöðu nemenda.
- Setja markmið eftir þörfum.

Skólapúlsinn, annað hvert ár taka nemendur 5. og 6. bekkjar þátt í könnun Skólapúlsins um líðan í skóla. Annað hvert ár svara foreldrar könnun um viðhorf til skólans og aðbúnað.

Heilsa og lífskjör skólabarna er lögð fyrir nemendur 4.-6. bekkjar árlega.

Þessar kannanir gefa ákveðnar vísbindingar um samskipti nemenda og niðurstöður eru notaðar við endurskoðun á verkefnum tengdum samskiptum í viðkomandi árgöngum.

Skipulögð verkefni tengd samskiptum

Ágúst

- Samskiptaáætlun kynnt starfsfólki.
- Umsjónarkennarar gera ráð fyrir reglulegum bekkjarfundum í í kennsluáætlun, að lágmarki einum í mánuði.
- Að lágmarki eitt verkefni sem tengist Uppbyggingarvinnu kynnt sérstaklega á starfsdegi.

September

- Verkefni árganga og verklag vegna vinnu eineltismála kynnt á haustfundum.
- Bekkjarsáttmálar unnir í öllum bekkjum samkvæmt verklagi Uppbyggingarstefnu.
- Unnið með [félagslegar grunnþarfir](#) í öllum bekkjum
- Samskiptavika í september.

Október

- Einstaklingssamtöl umsjónarkennara við nemendur og foreldra um líðan og væntingar.
- Vinna með gildi skólans í list- og verkgreinum og ípróttum.
- Nemendapening um bættan skólabrag. Umsjón: samskiptateymi, umsjónarkennarar í 5. og 6.bekk og skólastjóri.

Nóvember

- Umsjónarkennarar í 3.-6. bekk leggja fyrir tengslakannanir, forvinna niðurstöður og skila til teymisstjóra.
- Námsráðgjafi fer yfir niðurstöður tengslakannana og bregst við eftir þörfum. Unnið að úrlausnum fyrir árganga í samstarfi við umsjónarkennara.
- Skipulag verkefna baráttudags gegn einelti, 8. nóvember er í höndum teymis.
- Sérstök árgangaverkefni Uppbyggingarstefnu. 3. bekkur skilgreinir hvernig vinátta og góður vinur eru, 4. bekkur vinnur með hegðunarbílinn, 5. bekkur með friðarborðið og 6. bekkur með orð sem tengjast þörfunum, flokkar þau og skilgreinir afleiðingar hegðunar, hvort hún er jákvæð eða neikvæð til lengri tíma.

Desember

- Umsjónarkennarar senda samskiptateymi yfirlit yfir bekkjarfundi haustannar ásamt ábendingum um hvað gekk vel og hvað má betur fara.

Janúar

- Nemendur endurmeta bekkjarsáttmála og gera tillögur til umbóta.

Febrúar

- Einstaklingssamtöl umsjónarkennara við nemendur og foreldra um líðan og væntingar.

Apríl

- Góðverkavika

Maí

- Spurning hvort við getum sett hér inn eitthvað verkefni sem byggir upp samfélagslega ábyrgð hjá eldri nemendum, eitthvað svipað flóttabarnaverkefninu. Ætla það á tiltekinn árgang, til dæmis 5.bekk þar sem 6.vinnur að vorhátíð.
- Umsjónarkennarar senda samskiptateymi yfirlit yfir bekkjarfundi vorannar ásamt ábendingum um hvað má betur fara.
- Teymið vinnur úr athugasemdum kennara og uppfærir áætlun sem lögð er fram til samþykktar.

Samskiptavandi og einelti

Börn ráða misvel við félagslegar aðstæður og átta sig oft ekki á hvaða áhrif framkoma þeirra hefur á aðra og þá þarf að leiðbeina þeim. Sá sem leggur í einelti er ekki vondur eða illa innrættur, heldur barn sem gerir mistök og þarf aðstoð við að breyta hegðun sinni.

Samskiptavandi er þegar nemendur greinir á eða þeir eiga í útistöðum, yfirlétt er ekki um valdaójafnvægi að ræða. Samskiptavandi getur verið undanfari eineltis og því sérlega mikilvægt að kenna nemendum að leysa sjálfir úr ágreiningi þannig að samskiptafærni þeirra megi þroskast.

Einelti er menningar-og samfélagslegt vandamál fremur en vandamál einstaklinga. Við tölum um einelti þegar einstaklingur verður endurtekið fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og á erfitt með að verjast. Einelti er alvarlegasta stig samskiptavanda, þegar síendurtekin hegðun er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður og reka eða útskúfa viðkomandi úr samfélagi jafningja.

Einelti og annað ofbeldi er aldrei liðið í Varmárskóla. Slík hegðun hefur alltaf afleiðingar. Foreldrar fá tilkynningu og beiðni um samstarf við að leysa úr slíkum málum þannig að

gerandi/gerendur geti bætt ráð sitt. Ef ekki næst ásættanleg lausn innan skólans er málum vísað til Fræðslu- eða Fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar til úrlausnar.

Grunur um einelti- úrvinnsluferli

Tilkynningarblað er aðgengilegt á drifi skólans og á heimasíðu ([linkur](#)). Allt starfsfólk Varmárskóla, nemendur og foreldrar geta tilkynnt grun um samskiptavanda, einelti eða annað ofbeldi. Tilkynningu er skilað til teymisstjóra samskiptateymis eða á skrifstofu skólans sem sér um að koma henni til teymisstjóra.

Vísbendingar koma upp um samskiptavanda

Mál tekið til athugunar

- Samskipti skoðuð og rætt óformlega við nemendur áður en ákvörðun um framhaldið er tekið.
- Rætt óformlega við foreldra þeirra sem við á.
- Rætt við aðra fagaðila, t.d. innan stigs eða teymis, deildarstjóra og samskiptateymi.
- Halda skráningu yfir það sem gert er.
- Málið metið, unnið með samskipti og líðan eftir því sem þurfa þykir.
- Foreldrar eru upplýstir.
- Ef viðunandi árangur næst á ásættanlegum tíma telst málið leyst, áfram fylgst með samskiptum.
- Ef viðunandi árangur næst ekki á ásættanlegum tíma er málið sett í formlega vinnslu.

Tilkynning vegna gruns um einelti

Formleg tilkynning berst teymisstjóra og mál sett í ferli.

- Teymisstjóri fer strax í könnun máls
- Fundur samskiptateymis. Ef athugun leiðir í ljós að um einelti eða ofbeldi er að ræða gerir samskiptateymi áætlun um inngríp. Ef athugun hefur ekki leitt í ljós einelti eða ofbeldi er málinu vísað frá. Foreldrar/tilkynnendur eru upplýstir um forsendur ákvörðunnar.
- Áætlun um inngríp tekur mið af eðli málsins og alvarleika þess og er endurmetin á reglulegum fundi samskiptateymis. Áætlun skal vera skrifleg. Ef um einelti er að ræða eru foreldrar viðkomandi málsaðila ávallt upplýstir um viðbrögð og aðgerðir.
- Þegar mál telst leyst er umræða um lokun þess tekin fyrir á fundi samskiptateymis. Eftir atvikum er nemendum, foreldrum og kennurum sem eiga aðild að málinu tilkynnt um lokun máls. Málum getur einnig eftir atvikum verið vísað áfram til stjórnenda eða nemendaverndarráðs,.

- Ef mál leysist ekki innan skólans er því vísað til skólaþjónustu, fjölskyldusviðs, lögreglu eða í fagrað eineltismála hjá mennta- og barnamálaráðuneyti.
- Eftirfylgni með málum eftir að þeim er lokað er að jafnaði haldið áfram út yfirstandandi skólaár og jafnvel lengur ef þurfa þykir.

Skráning og varðveisla gagna: Skrá skal alla fundi og úrvinnslu þegar um einelti eða samskiptavanda er að ræða. Vista skal fundargerðir á drifi í möppu samskiptateymis. Útprintuð gögn eru varðveitt í skjalaskáp á skrifstofu skólastjóra. Setja skal gögn er varða einstaka nemendur í persónumöppur þeirra til varðveislu.

Eftirfarandi tilkynningablað er á heimasíðu (linkur) skólans.



Varmárskóli - trúnaðarmál

Tilkynning vegna gruns um einelti eða annað ofbeldi

Dagsetning: _____

Nafn tilkynnanda:	Kennitala:
Nafn og kennitala málsaðila:	Bekkur
Umsjónarkennari:	

Nánari lýsing á málsatvikum (hvar/hvenær/hve lengi?)

Tilkynning móttekin:

Nafn

Dagsetning

Á vefsíðu Menntamálastofnunar má nálgast eftirfarandi upplýsingar um eineltismál:

Saman gegn einelti - Kynningarmyndband um einelti

Kynningarbæklingur fagráðs á íslensku.

Kynningarbæklingur fagráðs á ensku.

Kynningarbæklingur fagráðs á pólsku.

Upplýsingar um fagráð eineltismála.